

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útborgun á fje veittu **123**
 Hjaltalín landlækni í viðurkenningarskyni. — Með þóknanlegu brjefi frá 13. sept. p. 6. nóv.
 á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað ályktun, er samþykkt var á síðasta alþingi
 og þarsem skorað er á ráðgjafann fyrir Ísland að annast um, að sá hluti, er enn er
 ógoldinn af upphæð þeirri, er veitt var landlækni Jóni heitnum Hjaltalín í viðurkenningarskyni með fjárlögnum fyrir 1882 og 1883, verði greiddur í dánarbú hans.

Það ályktun sú, er þannig hefur samþykkt verið, ber það með sjer, að þingið
 vill, að nefnd veiting verði skoðuð sem gefin í viðurkenningarskyni í eitt skipti fyrir
 öll, veitist yður, herra landshöfðingi, hjermeð heimild til að sjá um greiðslu þess, sem
 ógoldið er af veitingunni, til dánarbúsins.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um framkvæmd prestsverka í **124**
 Hólmaprestakalli. — Með þóknanlegu brjefi frá 24. sept. p. á., hafið þjer, herra 8. nóv.
 landshöfðingi, skýrt ráðgjafanum frá því, að nokkrir menn í Hólmaprestakalli, sem fylgja
 trúarsetningum þjóðkirkjunnar, hafi af óánægju yfir því, að brauð þetta á sínum tíma
 eigi var veitt þeim umsækjanda, er þeir mæltu með, sagt sig út úr þjóðkirkjunni, og
 vilji nú ekki þiggja prestsþjónustu af hendi sóknarprestins eða greiða honum lögskipuð
 gjöld, og hafið þjer getið þess, að þessir menn, sem nefna sig fríkirkjumenn, hafi nú fengið
 sjera Lárus Halldórsson, sem leystur var frá embætti samkvæmt brjefi ráðgjafans frá
 15. júní p. á., til að gegna öllum prestsverkum fyrir sig.

Með tilliti til þessa hafið þjer sent hingað eptirrit af brjefi biskupsins yfir Íslandi,
 þarsem hann til bráðabirgða hefur kveðið nei við spurningu frá hlutadeigandi
 prófasti um það, hvort leyfa skuli L. Halldórssyni, ef hann færi þess á leit, að nota
 kirkjuna á Hólmum til guðsþjónustu og annara kirkjulegra athafna og kirkjugarðinn þar
 til greptrunar, og hafið þjer beiðst úrskurðar ráðgjafans í málinu. Jafnframt hafið þjer
 spurst fyrir um það, hverja aðferð skuli við hafa gegn Lárusi Halldórssyni, ef hann mót
 von vill eigi gegna skipun biskups, byggðri á úrskurði ráðgjafans, um að láta framvegis
 af að framkvæma prestsverk í Hólmaprestakalli.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjá líða að tilkynna yður það, er hjer segir, til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í stjórnartíðindunum.

Með því að landsmenn samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands
 eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við
 lsannfæringu hvers eins, þá verður mönnum þeim í Hólmaprestakalli, sem hafa sagt sig
 út úr þjóðkirkjunni eigi bannað að láta prest þann, er þeir hafa til þess ráðið, framkvæma
 prestsverk fyrir sig, en bæði er það, að þeir geta eigi fyrir það komizt hjá því
 að greiða sóknarprestinum gjöld þau, er honum bera, og má, ef til þess kemur, ná þeim
 inn með lögsókn, enda er Lárusi Halldórssyni, eins og biskupinn tekur fram, óheimilt að
 nota hvort heldur kirkjuna á Hólmum eða áhöld hennar eða kirkjugarðinn við þjónustugjörðir
 sínar. Prestsverk Lárusar Halldórssonar t. d. barnaskirnir, hjónavígslur og fermingar hafa þar
 að auki eigi þá borgaralegu þýðingu, sem lögin binda við þessar athafnir þegar
 prestar þjóðkirkjunnar framkvæma þær, og leiðir af því, að þeir, sem láta sjer
 nægja vígslu hans, lifa eigi saman í löglegu hjónabandi, börn þeirra eru óskilgetin og
 taka ekki arf eptir föður sinn o. s. frv. Það L. Halldórsson að endingu eigi getur

22. d. des. 1883.

124 með lagagildi fært hinar lögskipuðu kirkjubækur, ber að leggja fyrir búendur þá í Hólma-
8. nóv. prestakalli, er hafa sagt sig út úr þjóðkirkjunni og eigi láta þjóðkirkjupresta skíra börn sín, að gefa sóknarpresti tilkynningu um fæðingardag þeirra og heiti.

125 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um frumvarp alþingis til
8. nóv. laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra. — Með þóknanlegu brjefi frá 24. sept þ. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað frumvarp til laga um eptirlaun embættismanna og ekkna þeirra, sem samþykkt var á síðasta alþingi; en frumvarp þetta kom fram af þingmanna hálfu. Þjer hafið skýrt frá því, að þjer, sökum þeirrar mikilvægu niðurfærslu á eptirlaununum og aðalbreytinga þeirra á reglum fyrir veitingu eptirlauna, er frumvarpið fer fram á, hafið í báðum deildum alþingis mælt í móti, að frumvarp þetta yrði samþykkt, enda varð það í efri deild að eins með eins atkvæðis mun, og hafið þjer samkvæmt þessu ráðið frá því, að ráðgjafinn leitaði staðfestingar konungs á nefndu lagafrumvarpi.

Ráðgjafinn hefur heldur eigi getað álitid, að lagafrumvarp þetta ætti að verða að lögum. Einkum verður hann að álíta, að eptirlaun þau, er ákveðin eru í frumvarpinu handa embættismönnum, og sem eru miklum mun lægri en eptirlaun eptir nú gildandi lögum, sjeu með öllu ónóg til þess, að hlutaðeigendur jafnvel að eins geti dregið fram lífið, og þar eð nú fjárhagur landsins eigi virðist vera svo bágborinn, að ástæða sje til að gjöra slíka aðalbreytingu á eptirlaununum, sem frumvarpið fer fram á, og eptirlaunareglur þær, er frumvarpið ákveður, yfir höfuð verða að álitast mjög óhaganlegar, var hans hátign konunginum ráðið til þess, þegar ráðgjafinn kom fram með allraþegnsamlegasta tillögu sína um málið, að neita að staðfesta lagafrumvarpið, og hefur honum í dag allra-mildilegast þóknast að fallast á þá tillögu.

Þetta er eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B-deild stjórnartíðindanna.

126 Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um ferðaáætlun póstgufuskip-
8. nóv. anna. — Eptir að hafa meðtekið frá yður, herra landshöfðingi, þóknanlegt brjef yðar frá 14. sept. þ. á., ásamt ályktun, er samþykkt var á alþingi um tilhögun á ferðum póstgufuskipanna, skrifaði ráðgjafinn hinu sameinaða gufuskipafjelagi og mæltist til þess, að það yrði við óskum alþingis að svo miklu leyti sem audið væri.

En eins og meðfylgjandi eptirrit af brjefi fjelagsins' með sjer ber, hefur það eigi

1) Hið sameinaða gufuskipafjelag.

Kaupmannahöfn, 31. okt. 1883.

Í tilefni af þóknanlegu brjefi hins háa stjórnarráðs frá 27. þ. m., og fylgiskjölum þeim, er því fylgdu, leyfum vjer oss að geta þess, er nú skal greina:

1. Af nýjum viðkomustöðvum, sem settar hafa verið á ferðaáætlun þá fyrir 1884, er stjórnarráðið sendi oss og sem eru:

Hornafjarðarós,
Þorlákshöfn,
Borðeyri og
Reykjarfjörður